

Velferðarráð
3. september 2018

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðræður Reykjavíkurborgar við rekstaraðila tjaldsvæðisins í Laugardal.

Lagt er til að fela velferðarsviði að leiða viðræður við Farfugla, rekstaraðila tjaldsvæðisins í Laugardal um tímabundin sértæk úrræði fyrir fólk í búsetuvandræðum yfir vetrartímann, 15. október-15.mars.

Greinagerð:

Á tjaldsvæðinu í Laugardal hafa um 7-10 einstaklingar fasta búsetu yfir sumartímann. Fyrirhuguð vetrarlokun þann 15. október-15.mars á tjaldsvæðinu leiðir af sér mikið óöryggi fyrir þessa einstaklinga, sem hafa í engin hús að venda.

Rekstaraðilar tjaldsvæðisins hafa lýst yfir vilja til viðræðna við Reykjavíkurborg í minnisblaði sem sent var menningar-, íþróttá- og tómstundarsviði 2. ágúst 2018. Málið var þó ekki tekið upp á fundi ráðsins 20. ágúst og er ekki á dagskrá ráðsins 10. september.